

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 30.03.2023

Vefsvæði SFS	2
Bloomberg verkefni - Betri gögn fyrir börn – um fjöltyngi	4
Ráðgjafinn 2.0 – Virkni og ráðgjöf.....	5
Jira ferli VEL 1	7
Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla	8

Verkefnaráðsfundur 30.03.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 30.03.2023
Dagsetning 30.03.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann, Jón Hafsteinn Jóhannsson, Magnús Bergur Magnússon, Gró Einarsdóttir, Tindur Óli Jenson, Þröstur Elvar Óskarsson og Lára Aðalsteinsdóttir	
Fjarverandi: Arna Ýr Sævarsdóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 30.mars 2023, kl. 15:00 – 16:10 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

15:00 – 15:05 Uppstilling
15:05 – 15:15 Vefsvæði SFS (vefsíður grunnskólanna): Jón Hafsteinn og Ólafur Sólimann
15:15 – 15:20 Umræður
15:20 – 15:30 Bloomberg verkefni - Betri gögn fyrir börn – um fjöltyngi: Gró og Tindur
15:30 – 15:35 Umræður
15:35 – 15:45 Ráðgjafinn 2.0 – Virkni og ráðgjöf: Magnús Bergur
15:45 – 15:50 Umræður
15:50 – 16:00 Jira ferli VEL 1 – Magnús Bergur
16:00 – 16:05 Umræður
16:05 – 16:10 Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla – lokun verkefnis og rökstuðningur sviðstjóra MÍ: Þröstur Elvar og Lára
16:15 Fundi slitið

Vefsvæði SFS

Verkefnið snýst um að útbúa vefsvæði fyrir skóla og frístundamál borgarinnar í anda höfuðvefsins www.reykjavik.is sem fylgir aðgengisstöðlum um algilda hönnun með samþykktu hönnunarkerfi, stílbók og vörumerkjavísi borgarinnar.

Setja fjármagn í að búa til nýtt vefsvæði sem er sérsniðið að þörfum SFS og uppsett með það að leiðarljósi að taka yfir efni af vefsvæði menntastefnu ásamt öðrum vefsvæðum SFS.

Í dag er vefsvæði menntastefnunnar hýst hjá þjónustuaðila og í takmarkaðri umsjón. Færa þarf hýsinguna og ganga frá vefsvæðinu í miðlægan rekstur hjá UTR og vöktun á efnislegum gæðum, stafrænu aðgengi og notkun.

Búið er að:

- Gera forgreiningar verkefni með efni frá jafnréttisvef SFS yfir á vefsvæði borgarinnar.

- Útfæra allt myndefni frá menntastefnunni yfir í litaskala og form eftir hönnunarkerfi Reykjavíkur.

Ef ekkert verður að gert verða vefsvæðin öryggisógn í rekstri, efni og miðlun SFS myndi eiga í erfiðleikum með að mæta gæðastöðlum vefdeildar varðandi aðgengi og framsetningu. Óánægju yrði vart hjá þjónustuþegum/notendum og upplýsingagjöf SFS yrði fyrir gagnrýni. Nú þegar hefur það gerst að eldri vefir hafa lent í gagnagíslatöku sem erfitt var að vinna sig útúr.

Með verkefninu á m.a að:

- Útbúa eitt vefsvæði fyrir alla starfsstaði SFS sem rammar alla upplýsingagjöfina inn
- Vefsvæðið nýti góðs af allri vinnu sem búið er að setja í vefsvæði borgarinnar nú þegar og vera útfært samhliða því.
- Fækka vefsvæðum í rekstri, gæðamælingar á efni, einfaldara að koma fyrir þjónustu ferlum fyrir valin vefumsjónarkerfi.
- Auka ánægju íbúa með upplýsingamiðlun og að starfsmenn fái þjónustu og stuðning tengt sínum störfum.

Í dag eru enn ansi margir vefir frá SFS sjálfstætt í hýsingu. Brotist var inn á þrjá grunnskólavefi nýlega, þeir eru í siteimprove. Fyrir átta mánuðum var áhættu við grunnskólavefina flaggað fyrir framkvæmdastjórn SFS. Síðan þá hafa allir leikskólavefir verið færðir yfir á rvk vefsvæðið. Hafin er vinna við að færa frístundavefi borgarinnar til að einfalda og færa undir rvk. Framkvæmdastjórn SFS vill fara í þá vegferð að loka grunnskólavefum og setja upp rvk vefsvæði fyrir SFS. Til viðbótar eru þá Mixtúra, miðja máls og læsis, menntastefna og fleira. Allt sér vefir með sér hýsingu og engin yfirsýn. Allt í allt um 100 vefir.

Tímarammi: 3 ár 2023-26

Kostnaður við innleiðingu: 50 milljónir

Óskað er eftir fjármögnun frá PON: Greiningar á efni, hönnun, forritun, innleiðingarkostnaður, verkefnastýring

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Vefsvæði SFS

Staðfest skor verkefnaráðs 30.3.2023: 4 5 1 4 5 4 3,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Þarft verkefni og augljóst að talsverður sparnaður og einföldun á miðlun er að ræða. Samþykkt að fara í frekari skilgreiningu á verkefninu og fýsileikagreiningu á tækniumhverfi vefs og kostnaði/sparnaði. Verkefnaráð óskar eftir rökstuðningi og samanburði á kostnaði.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefni

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefni úthlutað til deildarstjóra vefdeildar og stafrænn leiðtogi upplýstur	EBB	x

2	Óskað eftir samantekt á væntu hagræði sem kæmi til móts við kostnað.	ÓSH	
---	--	-----	--

Aftur í efnisyfirlit

Bloomberg verkefni - Betri gögn fyrir börn – um fjöltyngi

Áskorunin í þessu verkefni er að á mjög skömmum tíma hefur málumhverfi Reykvískra skóla breyst frá því að vera mjög einsleitt yfir í fjölbreytt umhverfi um 70 tungumála. Þörfum fjöltyngdra barna þarf að mæta með viðeigandi þjónustu, til að mynda tungumálakennslu. Niðurstöður benda til þess að 8 af 10 fjöltyngdum börnum nái ekki viðmiðum um þann námsorðaförða sem þarf til að skilja tungumálið inni í kennslustund. Hvaða þjónustu þurfa þau til að dragast ekki aftur úr og eiga möguleika á því að taka virkan þátt í íslensku samfélagi? Þessum spurningum er hægt að svara með tölfræði, en í dag er sú tölfræðivinnsla órugg og tímafrek. En tölfræðin ein og sér er ekki nóg, heldur þarf að tryggja að tölurnar skili sér til réttra aðila og skapi hvata til að mæta þörfum fjöltyngdra barna.

Markmið verkefnisins er að:

1. Skapa betri forsendur fyrir skilvirka og áreiðanlega tölfræði sem tengist fjöltyngdum börnum.
2. Að tölfræði um fjöltyngd börn svari þörfum notanda og skapi hvata til að mæta þörfum fjöltyngdra barna.

Hvernig? Með því að takast á við áskoranir í allri keðjunni frá því að gögn um fjöltyngd börn myndast í óstýrilátu gagnaflóði og þangað til þeim er miðlað til réttra aðila.

- Það þarf að rýna hvernig gögnin myndast, flytjast, tengjast og hreinsast.
- Það þarf að koma á einráningu gagna í auknum mæli og tryggja stafræn réttindi við söfnun gagnanna. Það þarf að tryggja að tölfræðin sem er unnin svari þörfum notanda og að miðlunin taki mið af markhópnum.
- Það þarf að rýna hverjir eru markhóparnir fyrir hvaða tölur og hvernig best sé að tala til hvers og eins.
- Það er líka mikilvægt að huga að því hvernig miðlun upplýsinganna geti haft áhrif á hvata fólks til að styðja við fjöltyngd börn.

Tegund verkefnis:

Gagnaverkefni-Umbreyting

Lagt er til að fara í nánari greiningu sem felur í sér uppgötvunarfasa sprett með foreldra og fjöltyngd börn og upplifun af mismunandi þjónustu af íslenskukennslu og námsframvindu eða skólagöngu. Byggt á þeim spretti, verður endurmótað hvort þetta verði gagnaverkefni og hvaða þjónustuumbreyting kemur upp sem tengist þessu.

Óskað eftir að fara í 3-4 vikna sprett. Útkoman verði betri skilningur hvað er mikilvægt fyrir fjöltyngd börn, og áskoranir gagnvart því að sækja þjónustu hjá borginni.

Áskoranir snúa að því hvernig gögn myndu nýtast starfseminni í að veita þjónustu til þessa hóps og fylgjast með þróun.

Enn er opið hvort útkoman sé nægilega skýr umbreytingavinkill fyrir i-teymið. Endurgjöf er að það vanti bein áhrif á þjónustuna og notkunartilfelli (e.use case) sem rennur stöðum undir umbreytingarverkefni. Hluti af markmiðinu væru árangursmælikvarðar á útkomuna.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Bloomberg verkefni - Betri gögn fyrir börn – um fjöltyngi:

Verkefni fær ekki skor fyrr en það kemur aftur fyrir verkefnaráð.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir fjármagn í uppgötvunarsprett með 2 starfsmenn úr gróðurhúsi í umbeðna greiningu, í allt að 3-4 vikur.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið í nánari greiningu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir framleiðanda og teymisstjóra þjónustuhönnunar niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Ráðgjafinn 2.0 – Virkni og ráðgjöf

Koma þarf málaflokki virkni og ráðgjafar yfir í Ráðgjafann úr Málaskránni.

Ráðgjafinn var hugsaður sem kerfi til að taka við helstu þjónustu Velferðarsviðs úr Málaskránni sem er úr sér gengin. Þörf fyrir nýtt kerfi og að komast úr Lotus Notes hefur verið rakin áður auk þess sem stefnt er að því að hætta rekstri Lotus Notes eftir að málaskrárkerfið fór úr grunninum. Í Ráðgjafanum 1.0 var útfærð lausn fyrir málaflokk fatlaðs fólks og snýr að ráðgjöf og umsókn, mati, áætlun og bið/virknilistum í stoð- og stuðningsþjónustu og er smæsta nothæfa útgáfa fyrir þann málaflokk. Til þess að ná minnstu nothæfu útgáfu Ráðgjafans fyrir málaflokk virkni og ráðgjafar í útgáfu 2.0 þá þarf að aðlaga sömu virkni og komin var í 1.0 að nýjum málaflokki.

Í því felst einnig að endurhanna þarf Ráðgjafann með tilliti til þess að val standi milli málaflokka/virkni í ráðgjafanum og þarf sú hönnun að taka mið af því að 3 málaflokkar eiga eftir að bætast við þ.e. málaflokkur aldraðra, málaflokkur barna og fjölskyldna og skólaþjónustan. Þá er einnig komin þörf á því að hanna aðgangsstýringu milli ólíkra notendahópa Ráðgjafans til að vernda persónuupplýsingar. Innvinklun skólaþjónustunnar í Ráðgjafann á sér líka stað í verkefninu Betri borg fyrir börn - Skólaþjónustan og eru ríkar væntingar til þess að sú vinna samrýmist öðrum málaflokkum velferðarsviðs.

Draumastaða:

- Þetta verkefni er hluti af stærri mynd.

- Draumastaðan er að útfæra Ráðgjafann fyrir alla málaflokka Velferðarsviðs á þann hátt að hann geti nýst sviðinu sem árangursríkt íbúatengslakerfi (CRM) og gert núverandi málaskrá með öllu óþarfa. Þetta krefst nokkurra ítrana og útheimtir að þróun sé haldið áfram eftir útgáfu MVP (minnsta nothæfa lausn, e. minimum viable product).
- Að fá MVP af Ráðgjafanum fyrir málaflokk Virkni og ráðgjafar.

Óskað er eftir fjármagni frá ÞON til að ráðast í þessar breytingar.

- Tími: Fimm sprettir, hjá teyminu sem skipa 3.
- Fjármagn: 5.000.000 kr sem eru eftir mv. 30 daga, 3.000.000 kr komnar af verkinu.
- VEL veitir allar þær upplýsingar og vinnuframlag sem þarf til að skilgreina verkefni nánar.

Stærsti hlutinn sem er eftir, er að gera sömu virkni sem er núverandi og uppsetning fyrir málaflokk virkni og miðlun. Nú þegar hefur vinna verið á sviðinu með umbótateyminu til að gera verklagsbreytingar og aðlaga ferlana svo það geti farið í sama mót og þróað var fyrir ráðgjafann fyrir þjónustu fyrir fatlað fólk. Grunnvirknin er til staðar, en uppsetningu þarf fyrir nýjan flokk.

Eina flækjustigið er að upphaflega var hannað fyrir einn málaflokk og nú þarf að aðlaga þannig að það verði fleiri málaflokkar inn í kerfið. Annað verkefni verður svo frá vörustjóra að skoða langtímaplan til að gera ráðgjafann sveigjanlegan og bjóða upp á einfaldari flutning annarra þjónustu inn í ráðgjafann. Lengri tíma aðlögun og þróun mun svo koma inn sem sér verkefni.

Tegund verkefnis:

Rekstur/CI

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Ráðgjafinn 2.0 – Virkni og ráðgjöf:

Staðfest skor verkefnaráðs 30.3.2023: 4 4 1 4 5 4 3,07

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir áframhaldandi þróun fyrir virkni og ráðgjöf eins og lagt er til hér ofar.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Samþykkt var að halda áfram með þróun fyrir virkni og ráðgjöf

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir vörustjóra og stafrænum leiðtoga niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	
2			

Aftur í efnisyfirlit

Jira ferli VEL 1

Lögð fyrir tillaga um að 5 ferlar hjá rafrænni þjónustumiðstöð fari inn í JIRA. Markmið með verkefninu er að taka JIRA í notkun á rafrænni miðstöð VEL fyrir einföldustu ferlin og ryðja þannig braut JIRA innleiðingar á sviðinu.

Verkefnið er hluti af stærri mynd, draumastaða að JIRA verði bakendakerfi fyrir allar umsóknir Velferðarsviðs sem ekki fara inn í sérhæfðari kerfi eins og ÓSK/Veita og S5.

Á rafrænni miðstöð eru flestar umsóknir sem berast Velferðarsviði unnar að hluta eða í heild. 9 þeirra koma í gegnum Mínar síður og berast rafrænni miðstöð í tölvupósti og í dag er það eina utanumhaldið.

Til að nálgast það verkefni að færa þessar umsóknir í Jira fyrir betra utanumhald, betri þjónustu við íbúann og þjónustumælingar þá viljum við í fyrsta kafla taka fyrir 5 umsóknir sem nær eingöngu eru unnar á rafrænni miðstöð.

Kosturinn við þessar 5 umsóknir er að ferlið er einfalt, það eru eingöngu 2-4 starfsmenn sem sinna hverri umsókn og þannig náum við mjúku flugtaki í notkun JIRA með starfsfólk sem er tilbúið í breytingarnar og greiðum þannig leið fyrir stærri og viðameiri þjónustuferli. Sjá nánar ferli í áskorunarramma:

- Útfararstyrkur, tannlæknastyrkur
- P-stæði
- NVT styrkur
- Ábyrgðaryfirlýsingar
- Beiðni um áfrýjun

Tegund verkefnis: Rekstur/CI

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Jira ferli VEL 1:

Staðfest skor verkefnaráðs 30.3.2023: 4 4 1 4 5 4 3,07

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkir verkefnið og hrósar góðri forvinnu sviðsins varðandi kortlagningu ferla og verklags rafrænu þjónustumiðstöðvarinnar.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið um að innleiða jira fyrir fyrstu 5 ferlana í rafrænni þjónustumiðstöð. Vísað til frekari útfærslu með eiganda.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga	EBB	x
2	Teymisstjóri/stafrænn leiðtogi upplýsir vörustjóra JIRA og staðgengil stafræns leiðtoga (framkvæmdastjóri	ÁÞG	

	rafrænu þjónustumiðstöðvarinnar) um að þessir ferlar verði settir upp í jira + gert verði ráð fyrir stuðning fyrir uppsetningu og fræðslu í framhaldi.		
--	--	--	--

Aftur í efnisyfirlit

Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla

Lokun verkefnis með lokaskýrslu og rökstuðningi sviðstjóra MÍ tekin fyrir.

Verkefnið var tekið fyrir sem verkefni í vanda á fundi verkefnaráðs 23.02.2023 og var niðurstaða verkefnaráðs eftirfarandi:

Samkvæmt greiningu frá Vettvangi er ljóst að White Label lausnin uppfyllir ekki kröfur Reykjavíkurborgar þar sem hún uppfyllir ekki ákveðna þætti er snúa að þróunaraðila, hönnun og aðgengi. Lausnin er lokuð sem hefur þónokkra galla í för með sér, eins og sjá má nánar í greiningunni frá Vettvangi. Ekki verður horfið frá ófrávíkjanlegum kröfum um hönnunarstaðla, öryggishönnun og sjálfvirknivæðingu, ásamt þeim göllum sem tilteknir eru við kerfið.

Verkefnaráð leggur til að Vettvangur haldi áfram þeirri vinnu sem nú þegar er hafin.

Rökstuðningur sviðstjóra Menningar og íþróttasviðs á því að loka verkefninu Sundlaugar Reykjavíkur gögn og sjálfsafgreiðsla inn í lokaskýrslu verkefnisins:

Menningar- og íþróttasvið fer fram á að loka verkefninu Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla vegna ófyrirséðra breytinga sem urði á rekstri ÍTR eftir að verkefnið hófst. Á verkefnatímanum hefur sviðið sameinast menningar og ferðamálasviði og nýtt svið, menningar og íþróttasvið tók til starfa 1. janúar 2023. Með sameiningunni hafa nýjar áskoranir breytt forgangsröðun verkefna. Áður en nýjar tengingar og sjálfvirknivæðing í sölu sundkorta er útbúin í núverandi afgreiðslulausnum er meira knýjandi að koma öllum stofnunum nýja sviðs í eitt afgreiðslukerfi svo sjálfsafgreiðslulausn nýtist sviðinu sem heild þegar hún verður kynnt. Þar sem óvíst er hvaða lausn verður valin teljum við ekki ráðlegt að hanna lausn fyrir núverandi afgreiðslukerfi í sundlaugum Reykjavíkur að sinni.

Sjá nánar í fylgigögnum.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla 5 5 15 5 5 3,67

Staðfest skor: 23.2.2023.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð fellst á niðurstöðuna samkvæmt ósk sviðstjóra. Horft hafði verið til að vinna áfram að lausn fyrir rafræn kort sem gæti nýst óháð undirliggjandi kerfi. Mikilvægt er þó að benda á að afurðin mun nýtast í áframhaldandi vinnu með stafræn kort, þegar og ef til þess kemur. Afurðin inniheldur meðal annars samantekt viðtala við starfsmenn og borgarbúa, greiningar í formi ítarlegrar kortlagningar á helstu ferlum miðað við stærstu notendahópa sem og vinnustofu sem haldin var með hópi starfsmanna sviðs og sérfræðinga í hönnun og upplýsingatækni þar sem fram komu þarfir og kröfur fyrir rafræn kort til lengri tíma.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Ákvörðun sviðstjóra er móttækin og fallist á hana

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Stafrænn leiðtogi miðlar því að farið hafi verið yfir beiðnina á fundi og hún staðfest í fundargerð sem síðar fer fyrir stafrænt ráð.	LA	
2	Verkefnastjóri upplýstur um að loka verkefni formlega og skjala afurðir í hlöðu.	EBB	x
3	Lögfræðingur ÞON leiðbeini verkefnastjóra um uppsögn á samningi við teymi verktaka sem ráðnir voru til að greina og þróa lausn.	ÞEÓ	

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 27.04.2023